



Reykjavík 6. maí 2024

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um fjármálaáætlun 2025-2029

Sjúkraliðafélag Íslands minnir alla stjórnmalaflokka á áherslur þeirra í heilbrigðismálum. Heilbrigðismálin er sá malaflokkur sem mælist ítrekað sem sá mikilvægasti í hugum kjósenda. Nú liggur fyrir framtíðarsýn stjórnvalda næstu fimm ára í fjármálaáætlun.

Förum fyrst yfir þrjú atriði:

1. Samkvæmt fjármálaáætluninni verður næstu fimm árin 9,8% aukning í malaflokkinn „Sjúkrahúspjónusta“ en þar undir er Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri. Sé fjárfestingin í nýja Landspítalann tekin frá verður aukning í malaflokkinn um 7,5%.
2. Til malaflokksins „Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa“ sem er fyrst og fremst heilsugæsla, aðrar heilbrigðisstofnir út á landi og sérfræðiþjónusta, verður aukningin 5,5% næstu fimm ára.
3. Til „Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu“ sem eru m.a. hjúkrunarheimilin verður aukningin 13,2%.

Tölur þurfa hins vegar alltaf samhengi. Setjum þessa aukningu í samhengi við tvær stærðir.

- a. Eldri borgurum mun fjölga um 23% á þessu fimm ára tímabili fjármálaætlunar. Og við vitum að kostnaður heilbrigðiskerfisins er miklu meiri við þá sem eldri eru en þá yngri.
- b. Fjölgun þjóðarinnar á þessu tímabili verður einnig umtalsverð eða um 27.000 manns sem er 6,7% aukning. Landsmönnum hefur fjölgað um 10% síðastliðin fimm ár og þá auðvitað skapa 2-2,5 milljónir ferðamanna álag á heilbrigðiskerfið.

Í ljósi fólksfjölgunar (6,7%) og fjölgun eldri borgara (23%) lýsir Sjúkraliðafélag Íslands yfir miklu áhyggjum að fjármagnsaukningin til reksturs „Sjúkrahúspjónustu“ verði einungis 7,5% á næstu fimm árum og til „Heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa“ einungis 5,5%.

Þá er minnt á að í núgildandi fjárlögum var gert ráð fyrir að heilbrigðismálin fengu sama hlutfall af útgjöldum ríkisins og þau fengu í fjárlögum ársins þar á undan.

Í umsögn fjármálaráðs um þessa fjármálaáætlun segir:

„Gert er ráð fyrir að ýmis útgjöld lækki eða að þeim verði frestað auk þess sem gert er ráð fyrir að hægja muni á vexti útgjalda í almannatryggingum og heilbrigðismálum öðrum en langtímahjúkrun aldrea. Þau áform og forsendur þarf að skýra betur“.

Og einnig segir fjármálaráð:

„Fjármálaráð telur að huga þurfi að því hvort tekið sé nægilegt tillit til áhrifa öldrunar þjóðarinnar á útgjöld almannatrygginga og heilbrigðiskerfis í áætluninni“.

Tekur Sjúkraliðafélag Íslands undir þessi hvatningarorð fjármálaráðs til fjárlaganefndar Alþingis.

Sé hins vegar áfram rýnt í fjármálaáætlunina kemur í ljós að á næstu fimm árum verða tekin til notkunar um 765 ný hjúkrunarrými og 222 endurbætt rými. Aftur er minnt á fjölgun eldri borgara en eftir 16 ár (eða árið 2040 þegar margir þingmenn verða sjálfir komnir á þennan virðulega aldur) verða eldri borgarar þessa lands tæplega 80.000 manns sem er fjölgun upp á tæplega 30.000 manns frá því sem nú er. Það er 55% fjölgun.

Í fjármálaáætluninni segir jafnframt:

„Miklar tafir hafa orðið á byggingu nýrra heimila á undanförunum árum og áætlun um stórfellda uppbyggingu hjúkrunarheimila sem kynnt var árið 2018 hefur engan veginn gengið eftir“.

Það er því ástæða til að lýsa yfir áhyggjum að þessari þróun. Að sjálfsögðu fer einungis hluti af eldri borgum inn á hjúkrunarheimili og því skiptir máli að styðja mun betur við önnur úrræði s.s. heimahjúkrun og -þjónustu. Sjúkraliðafélag Íslands hvetur því fjárlaganefnd Alþingis til að huga einnig að slíkum úrræðum.

Að lokum er athygli vakin á þessum orðum sem koma beint úr fjármálaáætlun stjórnvalda:

„Ráðstafanir í heilbrigðismálum eru almennt taldar stuðla að jafnrétti í ljósi þess að konur eru líklegri en karlar til að lifa við heilsubrest í daglegu lífi og nota heilbrigðisþjónustu meira.

Konur eru í meirihluta þeirra sem bíða að jafnaði eftir vistunar- eða búsetuúrræði á bráða- og biðdeildum Landspítala en vísbendingar eru um að þeir karlar sem bíða þar eftir vistunarúrræði búi við lakari heilsu en konurnar.

Konur eru líklegri en karlar til að sinna aðhlyningu maka sem glímir við heilsubrest heima við og bætt aðgengi að hjúkrunarrýmum því líklegt til að draga úr ólaunaðri umönnun.

Þá eru konur í miklum meiri hluta heilbrigðisstarfsfólks og ráðstafanir geta verið til að bæta starfsaðstæður stórra kvennastétta sem hafa verið undir miklu álagi sem birtist m.a. í hærra veikindahlutfalli hjá konum en körlum sem starfa á spítölunum“

Þessi orð ríma vel við áherslur Sjúkraliðafélags Íslands sem hefur ítrekað bent á þessi atriði. Vandfundin er meiri kvennastétt en sjúkraliðar sem eru 97% konur. Kynbundinn launamunur sem má m.a. rekja til kynskipts vinnumarkaðar, er ljótur blettur á íslensku samfélagi.

Stjórnvöld hafa ýmis tækifæri til að bregðast við þessu hvort sem það er í gegnum stofnanasamninga, kjarasamninga eða í gegnum svokallað virðismat starfa.

Því hvetur Sjúkraliðafélag Íslands alþingismenn fjárlaganefndar Alþingis að ávarpa þessa stöðu í nefndaráliti sínu.

Sjúkraliðafélag Íslands vill minna þingmenn á að heilbrigðiskerfinu er haldið uppi af starfsfólkinu sem þar vinnur. Mönnunarvandinn í heilbrigðisþjónustunni, ekki síst í ljósi fyrirséðrar fjölgunar eldri borgara, ætti að vera eitt stærsta áhyggjuefni þingmanna fjárlaganefndar.

Í þessu sambandi minnir Sjúkraliðafélagið á að allt að helmingur útskrifaðra sjúkraliða kýs að vinna við annað en fagið. Skýringa á því má m.a. rekja til þeirra kjara sem stéttinni er búin, ásamt vinnuálagi og vinnuaðstæðum. Mönnunarvandinn er því jafnframt fjármagnsvandi. Hið fagmenntaða heilbrigðisstarfsfólk er því til, en það stendur á stjórnvöldum að standa við sitt.

Þingmenn eru því hvattir til að bregðast við núna, áður en vandinn verður meiri, dýrari og erfiðari viðfangs.

Að endingu óskar Sjúkraliðafélag Íslands eftir að fylgja þessari umsögn eftir á fundi fjárlaganefndar Alþingis.

Virðingarfyllt,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands